

Skólaráðsfundur

16.2.2021

Fundargerð

Dagskrá:

1. Rekstrarstaðan og fjármál skólans.
2. Staða húsnæðismála, lóðar og fleira.
3. Breyting á skóladagatali: starfsdagur í 17. mars.
4. Skólalæping í vor.

Mætt voru á fjarfundi: Björgvin, Helga, Edda, Jórunn, Markús, Steinunn og Heimir. Sesselja og Halldór komu síðar inná fundinn. Nemendur voru ekki með skv. ákvörðun um að sleppa þeim við fjármálaumræðu.

Björgvin setti fundinn og fór yfir fyrsta lið dagskrárinnar og spunnust nokkrar umræður um hann, þ.e. fjármálin. Farið var lauslega yfir húsnæðis- og lóðarmál, minnt á fyrri samþykkt um starfsdag 17. mars en kynningu og umræðu um skólalæping var frestað.

1. Björgvin fór yfir rekstrarstöðu skólans fyrir árið 2020. Meðfylgjandi eru glærur sem hann fór yfir. Hallarekstur skólans á síðasta ári stefnir í 56 milljónir, eða um 6,3% af fjárhagsáætlun. Skólinn fékk 884 millj. í rekstrarfé fyrir sl. ár en niðurstaðan varð 940 millj. Þegar búið er að draga frá liði sem kalla má óhagstæðar ytri aðstæður sem skólinn hefur ekki áhrif á, þá er hallinn um 42 millj. Af þeirri upphæð er kostnaður vegna skammtímaforfalla (afleysingar fyrir veikindi, slys, leyfi eða námsleyfi sem eru ekki lengri en fjórar vikur) um 13,6 millj. umfram þá upphæð sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Sú upphæð var um 12 milljónir. Hér er sundurliðun rekstrarhallans:

Heiti liðar og útskýring á breytingu	Fjárhæð
Rekstrarniðurstaða skv. mánaðarskýrslu: Afgangur+/Halli-	-55.946.136 kr.
Langtímaveikindi, óbætt	8.039.279 kr.
COVID19, óbætt	4.189.323 kr.
Afleysingar í kennslu umfram áætlun	13.603.234 kr.
Húsaleiga, skólasund umfram áætlun	1.676.181 kr.
Tölvuþjónusta umfram áætlun	2.514.282 kr.
Annar launakostnaður umfram áætlun, s.s. kennsla	12.833.333 kr.
Mötuneyti undir áætlun (einkum vegna tekjufalls)	7.226.775 kr.
Rekstrarniðurstaða eftir skýringar: Afgangur+/Halli-	-5.863.729 kr.

Þá er launakostnaður að öðru leyti en það sem snýr að kostnaði vegna afleysinga, einnig umfram fjárhagsáætlun eða 12,8 millj. Í því liggur ákveðin ofmönnum sem tengist ýmsu, m.a. fjölda bekkja o.fl.

Nokkrar fyrirspurnir og umræður urðu um þennan lið, m.a. um fækkun bekkja og þær aðgerðir aðrar sem skólinn hafði gripið til, í því skyni að ná tókum á rekstrinum. Einnig var beðið um nánari skýringar á kostnaði vegna afleysinga og ástæðu þess að iðulega er sá kostnaður umfram fjárheimildir. Auk þess var rætt um tækjakost skólans, aðallega tölvubúnað og þegar upplýst var um að skólinn væri aftarlega á merinni hvað það varðar, a.m.k. í samanburði við nokkra aðra skóla, kom fram ósk um að það yrði kannað betur.

Miklar umræður um fjölda bekkja og bekkjarstærðir. Fram kom að skólinn liti á það sem mistök að hafa lagt upp með fjóra bekki í 1. árgangi fyrir þetta skólaár. Betra hefði verið að hafa þá fimm. Segja má að afleiðing þessa hafi leitt til þess að nú vilji skólinn leggja áherslu á að bekkirnir í fyrstu tveimur árgöngunum verði ekki með fleiri en 18 nemendur. Ýmis rök eru fyrir þessu og reynslan af þessu skólaári sem nú er rúmlega hálfnað, er sú að þetta skili í raun engum eða litlum fjárhagslegum sparnaði og er verra kennslu- og uppeldisfræði. Það sama á við um aðra árganga þó þar gildi kannski önnur lögmál. Meta þarf betur samsetningu nemendahópa áður en ákvörðun er tekin um fjölda bekkjardeilda.

2. Björgvin sagði frá því að nú stefndi í að lóðin austan aðalbyggingarinnar yrði tekin í gegn, þ.e. sá hluti hennar sem snýr að Hagatorgi. Hugsanlega yrði þeim framkvæmdum lokið í lok sumars 2021 en líklega þó sumarið 2022. Hvort sem er um að ræða langþráða bót á aðstöðu nemenda skólans.

Ekki er komin niðurstaða í húsnæðismál skólans og er nú beðið eftir forsögn þeirri sem hefur verið í vinnslu síðan sl. vor. Fram kom á fundinum að setja þyrfti meiri kraft í að fylgja þessu máli eftir og fá á hreint hvort af viðbyggingu verður og þá hvenær.

Rætt var áhrif aðstöðuleysisins á skólastarfið, starfsandann og getu skólans til að uppfylla ákvæði aðalnámskrár og menntastefnu Reykjavíkurborgar. Þetta spilaði allt saman. Fulltrúar foreldra lýstu því yfir að foreldrar vildu hjálpa skólanum í þessari baráttu með því að þrýsta á yfirvöld.

Eftirfarandi bókanir og samþykktir voru gerðar á fundinum:

A. Húsnæðismál Melaskóla.

Skólaráð Melaskóla áréttar enn og aftur þungar áhyggjur sínar af húsnæðis- og aðstöðumálum skólans. Húsnæðið uppfyllir ekki nútímakröfur um nemenda- og starfsmannaaðstöðu, þar með talið mótuneyti og matsal auk salernisaðstöðu. Þá eru aðgengismál algjörlega ófullnægjandi í aðalbyggingu skólans. Loks skortir skólann hin ýmsu rými og skipulag húsnæðis sem nauðsynleg eru til að Melaskóli geti sinnt hlutverki sínu vel, sem menntastofnun fyrir nemendur í 1.-7. bekk, og í samræmi við nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar, „Látum draumana rætast“. Allt þetta og fleira hefur verið ítarlega rætt og tekið út í fjölmörgum skýrslum og greiningum undanfarin mörg ár.

Nú síðast hefur, í tæpt ár, hefur verið í gangi vinna af hálfu Reykjavíkurborgar við að greina þarfir skólans fyrir húsnæði, svokallaða forsögn. Fram hefur komið að á grundvelli þeirrar forsagnar muni verða ráðist í úrbætur. Mjög brýnt er að þessari vinnu verði lokið án tafar og nauðsynlegar ákvarðanir teknar til að unnt sé að hefja viðbyggingu og endurbætur við Melaskóla sem verði forgangsverkefni hjá Reykjavíkurborg þar til því er lokið.

B. Fjöldi nemenda í bekkjum og sérstaða skólans.

Eftir að hafa kynnt sér rekstrarmál Melaskóla og þær áskoranir sem skólinn býr við, ályktar skólaráð Melaskóla að styðja þurfi skólann í þeirri stefnu hans að hafa bekkjardeildir undir ákveðnum fjöldaviðmiðum a.m.k. í fyrstu tveimur árgöngunum. Þar er ákjósanlegt að nemendafjöldinn fari ekki yfir átján í 1. og 2. bekk. Skólaráð leggst alfarið gegn því að fjölga í yngri bekkjum í sparnaðarskyni. Það hafi sýnt sig að sú leið hafi ekki reynst vel, hvorki kennslufræðilega né rekstrarlega.

Þá sýnir nýleg greining skólastjóra á stofustærðum almennra bekkjarstofa skólans að umræddar kennslustofur bera ekki þann nemendafjölda sem í skólanum er nú. Brýnt er að miða fjölda í bekk við stærð almennra kennslustofa. Það þýðir væntanlega fjölgun bekkja frá því sem nú er.

C. Tölvu - og tækjakostur Melaskóla.

Skólaráð Melaskóla fagnar metnaðarfullri samþykkt skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um hraðari innleiðingu stafrænnar tækni sem gengur undir nafninu Gróska. Það er okkar einlægur vilji og markmið að Melaskóli verði í farabroddi í stafrænni sókn Reykjavíkurborgar á yngsta- og miðstigi grunnskóla. Því þarf að tryggja gott aðgengi að búnaði og að kennurum standi til boða endurmenntun í nýtingu tækni í almennu námi. Miðað við núverandi stöðu tækjabúnaðar fyrir nemendur í Melaskóla óskar skólaráðið eftir því að forgangsröðun skóla- og frístundaráðs taki mið af henni. Það þýðir að tvöfalda þarf búnað ætlaðan nemendum í Melaskóla.

D. Kostnaður vegna forfalla starfsfólks.

Við yfirferð yfir rekstrarniðurstöður Melaskóla fyrir árið 2020 kemur í ljós að útgjöld vegna ýmissa forfalla kennara eru gífurlega há og langt umfram fyrirbyggjandi áætlanir. Skólastjóri upplýsti að það væru einkum svokölluð "lengri skammtímaforföll", þ.e. forföll í 1-4 vikur, sem yllu miklum kostnaði umfram áætlanir.

Brýnt er að greina hvað veldur þessum miklu og þungu forföllum og gera úrbætur til að draga úr þeim eins og frekast er unnt. Samhliða telur skólaráð rétt að kannað verði hvort ástand mála í Melaskóla sé að þessu leyti sambærilegt eða ósambærilegt við aðra skóla í Reykjavík.

Skólaráð Melaskóla



MELASKÓLI

1946